

Til birtingar
án
trúnaðarupplýsinga

1.3. Spurningalisti vegna markaðar 4 (lúkningarhluti leigulína)

1. Á skilgreining sem fram kemur í tilmælum ESA um viðkomandi markað nr. 4 frá 2016 og skýringum framkvæmdastjórnar ESB við sambærileg tilmæli frá 2014 við um heildsölumarkað fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum hér á landi? Ef ekki, þá vinsamlegast rökstyðjið að hvaða leyti hún á ekki við hér á landi.
Já.
2. Að hve miklu leyti á skilgreining PFS á markaði 6 í greiningunni frá 2014,⁸ við um núverandi heildsölumarkað fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum hér á landi? Telur félagið að farnetslausnir og/eða skýjalausnir geti veitt fastanetslausnum staðgöngu á þessum markaði? Að miklu leyti. Já.
Ef fyrirtækið telur að skilgreiningin eigi ekki við í dag, eða að litlu leyti, hvernig telur fyrirtækið að það eigi að skilgreina markaðinn í dag út frá markaðsaðstæðum þeim sem blasa við fyrirtækinu? Rökstyðjið.
Á ekki við.
3. Eru einhverjar tengingar á fyrirtækjamarkaði eða til farsímasenda sem ekki rúmast innan ofangreindrar nýrrar skilgreiningar á markaði 4?
Fer eftir kröfum. Það virðist ekki vera gert ráð fyrir að kröfur um aukinn upptíma feli í sér möguleika á varaleiðum. Varaleiðir gætu verið á öðrum markaði t.d. farnet, örbylgjulausnir eða almennur bitastraumur. Séu kröfur um mjög háan upptíma eða lágan endurreisnartíma ætti slíkt (skilgreining innan M4) að falla undir aðstæður þar sem varaleiða er krafist.
4. Hvaða smásölumarkaður eða smásölumarkaðir tengjast viðkomandi heildsölumarkaði að mati félagsins?
Þjónustan er almennt heildsöluþjónusta í virðisaukandi starfsemi fjarskiptafyrirtækja sem nýta hana til að veita þjónustu á markaði 3b og dreifingu fjölmiðlaefnis um bæði fastanet og þráðlaust. [...]
5. Hvaða heildsöluþjónustur eru í boði hjá fyrirtækinu, sem fyrirtækið notar til innri nota eða sem aðgangsbeiðendur nota í innri starfsemi sína, t.d. til að tengja farsímasenda, eða til þess að bjóða tengingar til fyrirtækja í smásölu?
Almennt séð reynir Snerpa að uppfylla hvers konar kröfur sem settar eru fram þegar óskað er eftir heildsöluþjónustu. Þær samskiptaleiðir sem notaðar eru til að tengja farsímasenda eru í nær öllum tilfellum veittar um svartan fíber. [...].
6. Hvernig telur fyrirtækið eðlilegast að flokka þjónustur, t.d. eftir flutningsmiðli, tæknilausnum og/eða bandbreidd, miðað við stöðu á markaðnum í dag og með tilliti til fyrirsjáanlegrar þróunar næstu 3-5 ár?

⁸ Samanber túlkun á þeirri skilgreiningu í ákvörðun PFS nr. 5/2020

Sem mest tæknióháð. Það kemur þó ekkert í staðinn fyrir svartan ljósleiðara, ekki einu sinni bylgjulengdþjónusta. Þar sem ljósleiðari er ekki fyrir hendi er yfirleitt hægt að bjóða þráðlausar Ethernet lausnir. Sé um háar upptímakröfur að ræða er mælt með við viðskiptavini að nota viðstöðulausar varaleiðir [...].

7. Hverjir eru heildsölukaupendur á tengingum sem lýst er í spurningu 5 og hver var árleg velta gagnvart sérhverjum þeirra á árinu 2023? Ef fyrirtækið starfar á smásölumarkaði er óskað eftir lista yfir 20 veltuhæstu kaupendur leigulínubjónustu, þ.m.t. IP þjónustu, ásamt veltu fyrir sérhvern kaupanda á árinu 2023, sundurliðað eftir tæknilausn. (Listi yfir viðskiptavini)
Tilgreindar upphæðir án vsk.
[...]
8. Hvaða heildsölubjónustur kaupir fyrirtækið eða selur, sem notaðar eru til þess að bjóða tengingar til fyrirtækja í smásölu eða tengja farsímasenda?
[...]
Hverjir eru seljendur eða kaupendur heildsölubjónustunnar?
[...]
9. Í hvaða þjónustutegundum á smásölustigi notar fyrirtækið heildsöluaðföng sem falla undir skilgreiningu á markaði fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum? Vinsamlegast lýsið helstu einkennum þjónustunnar, notendahóp og markaðssetningu, t.d. hvort smásölubjónustan sé seld sem hluti af vöndli fleiri þjónustutegunda.
Heimilistengingar til almennings. [...]
10. Hvert er þjónustusvæði fyrirtækisins, hvort sem um er að ræða heildsölu eða smásölu? Lýsið einnig útbreiðslu eigin fjarskiptaneta á viðkomandi heildsölumarkaði eða tengdum smásölumörkuðum. Óskað er eftir að myndræn framsetning á korti fylgi.
Varðandi heildsölubjónustu býður Snerpa hana einungis þar sem fyrirtækið á eigið ljósleiðaranet eða leigir bylgjulengdir [...] eða svartan fíber af öðrum s.s. [...]. Varðandi útbreiðslu vísast í vefsíðu á slóðinni [...] og/eða gögn sem Fjarskiptastofa hefur aðgang að og [...].
11. Hefur fyrirtækið þörf fyrir einhverja heildsölubjónustu á viðkomandi sviði, sem ekki er í boði í dag?
[...].
12. Hvaða þættir hafa verið mest áberandi í þróun framboðs, eðli eftirspurnar, verðlagningar og markaðssetningar á þjónustum sem fyrirtækið telur falla undir nýja skilgreiningu á markaði 4 undanfarin 5 ár?
Aukin bandbreidd á neytendamarkaði. Klemma er á verðlagningu þar sem aukinni bandbreidd á neytendamarkaði, fyrir sama eða lítið eitt hærra verð, fylgir ekki aukin bandbreidd í bakbeinum. Þannig er boðið upp á allt að 10 Gbps hraða á heimilismarkaði en verð fyrir

sambönd milli landshluta eða til útlanda taka ekki mið af þessu. Þannig þarf að fjárfesta aukalega í samböndum og einnig sérhæfðum búnaði sem ræður við aukna bandbreidd vegna þessa og myndast við þetta verðþrýstingur.

13. Hefur fyrirtækið áform um að taka upp nýjar þjónustur eða tækni eða leggja niður einhverjar þjónustutegundir á viðkomandi markaði á næstu 3-5 árum? Ef svo er óskast upplýsingar um tímasetningar slíkra nýjunga og/eða niðurlagningar, sem og lýsingu á viðkomandi tækni eða þjónustu í stuttu máli.

Já. Fyrirhugað er að breyta [...] Væntanlega falla út þjónustur um kopar eftir því sem Míla lokar PSTN-kerfi sínu og tekur kopar úr notkun.

14. Hefur fyrirtækið áform um að auka við net sín og/eða þjónustusvæði á næstu 3 árum? Ef svo er, þá er óskað eftir upplýsingum um útbreiðsluáform.

[...]

15. Telur fyrirtækið að IP-MPLS þjónusta sé nýtt eða sé nothæf til að veita þjónustu í aðgangsnnetinu eða aðeins í stofnnetinu?

Nei. Ekki í aðgangsnnetinu.

Telur fyrirtækið að IP-MPLS þjónusta sé hluti af viðkomandi markaði? Rökstyðjið svarið.

Varðandi markað 6 já hægt að veita heildsölubjónustu með IP-MPLS t.d. þar sem sambönd eru samnýtt.

16. Telur fyrirtækið að svartur ljósleiðari sé staðgönguvara við virka þjónustu á viðkomandi aðgangsmarkaði, líkt og niðurstaða PFS kvað á um í greiningunni frá 2014, og ýjað er að í greinargerð framkvæmdastjórnarinnar með framangreindum tilmælum um viðkomandi markaði frá desember 2020? Ef ekki, rökstyðjið.

Svartur ljósleiðari er staðgönguvara við alla þjónustu sem flytur gögn milli staða.

17. Óskað er eftir gjaldskrá fyrir alla flokka tenginga sem falla undir viðkomandi markað og notaðar eru til að veita þjónustu til fjarskiptafyrirtækja á heildsölustigi og/eða kaupenda á smásölustigi, þ.m.t. fyrir ljóslínur (svarta ljósleiðara). Þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort IP-MPLS tilheyri markaðnum, eins og verið hefur fram að þessu, er enn fremur óskað eftir gjaldskrá fyrir slíka þjónustu ef fyrirtækið býður upp á hana í aðgangsnnetinu, þ.m.t. til farsímasenda.

Snerpa birtir heildsölugjaldskrár á vefslóðinni <https://www.snerpa.is/fyrirtaekid/heildsala/>

Almennar verðskrár eru á <https://www.snerpa.is/fyrirtaekid/verdskra/>

18. Telur fyrirtækið að samkeppnisvandamál⁹ séu til staðar á heildsölumarkaði fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum eða á tengdum mörkuðum á heild- eða smásölustigi?
Já og nei. Helstu vandamálín eru á smásölustigi og snúa að því að Míla getur beitt verðþrýsingi eins og lýst er í svari við spurningu 12.
19. Telur fyrirtækið ástæðu til að skipta markaðnum landfræðilega? Ef svo er, með hvaða hætti færi þá best á því að mati fyrirtækisins? Rökstyðjið.
Nei. Fjarskipti og kostnaður við þau eiga að mati Snerpu að endurspegla að almenn netþjónusta sé á sama verði um allt land.
20. Óskað er upplýsinga um heildartekjur af lúkningarhluta leigulína árin 2020, 2021, 2022 og 2023 miðað við landið allt, sundurliðað eftir innri tekjum og ytri tekjum (bæði stofngjöld og mánaðargjöld) og eftir tæknilausnum. Innri tekjur geta t.d. verið sala til farsímadreifikerfis fyrirtækisins ef um slíkt er að ræða, til stofnmeta fyrirtækisins og til götuskápa eða annarra tengistaða vegna bitastraums. Í kjölfarið kemur til greina að óska eftir slíkum upplýsingum niður á sveitarfélög eða aðrar landfræðilegar einingar.
Sjá talnaefni í XLS-fylgiskjali [...]. Tekjur eru ekki færðar eftir sveitarfélögum. [...]
21. Annað sem fyrirtækið vill koma á framfæri?

⁹ Með vandamálum á sviði samkeppni er átt við óhagstæða formgerð markaðarins og/eða hvers konar atferli fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk sem er til þess ætlað eða sem leiðir til þess að keppinautar hrekjast af markaði, sem kemur í veg fyrir að mögulegir keppinautar komist inn á markaðinn og/eða kemur niður á hagsmunum neytenda.

2. Markaður 14/2004: Heildsölumarkaður fyrir stofnlínuhluta leigulína

2.1. Skilgreining þjónustumarkaðar

Í greiningu á þessum markaði árið 2015 skilgreindi PFS þjónustumarkaðinn með eftirfarandi hætti í ákvörðun nr. 21/2015:

Um er að ræða markað fyrir flutningsgetu sem seld er fjarskiptafyrirtækjum til að tengja saman net þeirra og dreifingarstaði. Markaðurinn nær yfir línur með allri mögulegri tækni og flutningsmiðlum. Stofnlínur eru oftast byggðar á stafrænni tækni, en í sumum tilfellum eru grunnlínur leigðar án endabúnaðar (t.d. svartur ljósleiðari). Símsstöðvar eða annars konar hnútpunktur eru venjulega á milli notendalína og stofnlína á Íslandi sem aðgreinir þær með áþreifanlegum hætti, a.m.k. í tilviki Mílu. Stofnlínur eru oftast ljósleiðarastrengir, en hefðbundnir símastrengir og radiósambönd geta einnig fallið undir markaðinn ef þau eru notuð sem stofnlínur.

Markaðurinn nær ekki til línuskiptingar, þ.e.a.s. þjónustu sem gerir notanda kleift að velja mismunandi ákvörðunarstað fyrir merkjasendingar hverju sinni sem þær eru sendar. Þjónusta sem tengir einn nettengipunkt við marga getur hins vegar fallið undir markaðinn ef allir punktarnir eru skilgreindir fyrirfram við uppsetningu þjónustunnar.

Til að teljast leigulína þarf þjónusta að uppfylla tiltekin skilyrði, þ.e. að vera varanleg tenging milli tveggja eða fleiri fastra staða þar sem allir tengipunktar eru skilgreindir fyrirfram við uppsetningu línanna og vera til einkaafnota fyrir þann sem leigir línurnar og veita samhverfa afkastagetu. Þó afkastageta geti verið mjög breytileg á slíkum línum verður að telja þær til sama markaðar, þar sem munurinn er stigsmunur en ekki eðlismunur og samskiptahættir sem veita svipaða afkastagetu eru því staðgönguvörur hverjir við aðra. Það verður þó að hafa í huga að staðganga er líkleg til að vera einátta þegar tengingu með minni afkastagetu er skipt út fyrir tengingu með meiri afkastagetu.

PFS taldi eftirfarandi samskiptareglur og flutningsmiðla falla undir markaðinn:

Samskiptareglur

- Ósamfasa flutningsháttur (ATM)
- Stýrður gæðaflutningur með Internet flutningshætti (t.d. IP-MPLS)
- MPLS-TP
- Ethernet og Ethernet VLAN
- SDH/PDH
- Bylgjulengdardeiling (WDM, CWDM og DWDM)

Flutningsmiðlar

- Svartur ljósleiðari (án endabúnaðar)

- Kopar (eða aðrir málmpræðir)
- Þráðlaust samband

Að mati FST kemur til greina að endurskoða þessa skilgreiningu, m.a. með tilliti til markaðspróunar, tækniþróunar og tilkomu nýrra vara og aflagningu annarra vara á því tímabili sem liðið er frá 2015.

2.2. Spurningalisti vegna markaðar 14 (stofnlínur)

1. Að hve miklu leyti á skilgreining PFS á markaði 14 samkvæmt tilmælum ESA um viðkomandi markaði frá 2004 í greiningunni frá 2015 ennþá við um markaðinn hér á landi í dag? Telur fyrirtækið að farnetslausnir geti veitt fastanetssamböndum eða örbylgjusamböndum staðgöngu á þessum markaði?
Já.
Ef fyrirtækið telur að skilgreiningin eigi ekki við í dag, eða ekki að öllu leyti, hvernig telur fyrirtækið að það eigi að skilgreina markaðinn í dag út frá þeim markaðsaðstæðum sem blasa við félaginu í dag?
Á ekki við.
2. Hvaða smásölumarkaður eða smásölumarkaðir tengjast viðkomandi heildsölumarkaði að mati félagsins?
Allir.
3. Hvaða heildsöluþjónustur eru í boði hjá fyrirtækinu, á markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína? Svartur fíber. Bylgjulengdir.
4. Hvernig telur fyrirtækið eðlilegast að flokka þjónustur, t.d. eftir flutningsmiðli, tæknilausnum og/eða bandbreidd, miðað við stöðu á markaðnum í dag og með tilliti til fyrirsjáanlegrar þróunar næstu 3-5 ár?
Tæknióháð. Þó sé markaður 14 eingöngu bundinn við Point-to-Point milli þjónustustaða (PoP).
5. Hvert er þjónustusvæði fyrirtækisins á viðkomandi markaði? Lýsið einnig útbreiðslu eigin fjarskiptaneta á viðkomandi markaði. Óskað er eftir upplýsingum um heildarlengd stofnlínukerfis sundurliðað eftir flutningsmiðli (kopar, ljósleiðari, örbylgja). Óskað er eftir að myndræn framsetning á korti fylgi.
Vísað er til svars við spurningu 10 í fyrri hluta spurningalistans.
6. Hverjir voru kaupendur fyrirtækisins á tengingum, þ.m.t. svörtum ljósleiðara, á markaðnum á árinu 2023? Gefið upp veltu af viðskiptum við þá 20 stærstu, sundurliðað eftir tæknilausnum. (Listi yfir viðskiptavinum)
Vísað er til svars við spurningu 7 í fyrri hluta spurningalistans [...]
7. Hvaða heildsöluþjónustur kaupir fyrirtækið, á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína? Hverjir eru seljendur þjónustunnar og hver var veltan á árinu 2023, sundurliðað eftir tæknilausn, þ.m.t. svartur ljósleiðari? Í hvaða þjónustutegundum notar fyrirtækið stofnlínur sem aðföng?

Sjá talnaefni í XLS-fylgiskjali [...]. Stofnlínur eru aðföng í öllum tegundum þjónustu þar sem aðgangur er veittur að Interneti.

8. Hefur fyrirtækið þörf fyrir einhverja heildsöluþjónustu á viðkomandi sviði, sem ekki er í boði í dag?
Vísað er til svars við spurningu 11 í fyrri hluta spurningalistans.
9. Hvaða þættir hafa verið mest áberandi í þróun framboðs, eðli eftirspurnar og verðlagningar stofnlína undanfarin 5 ár?
[...]
10. Hefur fyrirtækið áform um að taka upp nýjar þjónustur eða tækni eða leggja niður einhverjar þjónustutegundir á viðkomandi markaði á næstu 3-5 árum? Ef svo er, óskast upplýsingar um tímasetningar slíkra nýjunga og/eða niðurlagningar.
Vísað er til svars við spurningu 13 í fyrri hluta spurningalistans.
11. Hefur fyrirtækið áform um að auka við net sín og/eða þjónustusvæði á viðkomandi markaði á næstu 3-5 árum? Ef svo er, óskast upplýsingar um útbreiðsluáform.
Vísað er til svars við spurningu 14 í fyrri hluta spurningalistans.
12. Telur fyrirtækið að IP-MPLS þjónusta sé hluti af viðkomandi markaði? Rökstyðjið svarið.
Vísað er til svars við spurningu 15 í fyrri hluta spurningalistans,
13. Telur fyrirtækið að svartur ljósleiðari sé staðgönguvara við virka þjónustu á viðkomandi markaði, líkt og niðurstaða PFS kvað á um í greiningunni frá 2015? Ef ekki, rökstyðjið.
Vísað er til svars við spurningu 16 í fyrri hluta spurningalistans.
14. Óskað er eftir gjaldskrá fyrir alla flokka stofnlínutenginga, þ.m.t. fyrir svarta ljósleiðara. Þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort IP-MPLS tilheyri markaðnum, eins og verið hefur, er einnig óskað eftir gjaldskrá félagsins vegna þeirrar þjónustu.
Vísað er til svars við spurningu 17 í fyrri hluta spurningalistans.
15. Telur fyrirtækið að samkeppnisvandamál¹⁰ séu til staðar á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína eða á tengdum mörkuðum á heild- eða smásölustigi?
Já. Skortur á forða milli þéttbýlisstaða gerir að verkum að vantar framboð. Að hluta væri hægt að bæta úr þessu með bylgjulengdarþjónustu með mikilli bandbreidd. **Þá er verðlagning Farice á sinni þjónustu slíkt vandamál að ekki er hægt fyrir smærri aðila að kaupa**

¹⁰ Með vandamálum á sviði samkeppni er átt við óhagstæða formgerð markaðar og/eða hvers konar atferli fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk sem er til þess ætlað eða sem leiðir til þess að keppinautar hrekjast af markaði, sem kemur í veg fyrir að mögulegir keppinautar komist inn á markaðinn og/eða kemur niður á hagsmunum neytenda.

þjónustu beint af Farice. Það hlýtur að vera mjög óeðlilegt að verð fyrir sambönd sem nýtt eru fyrir innanlandsþjónustu sé fjórum sinnum hærra en fyrir gagnaver og í raun óskiljanlegt að Fjarskiptastofa láti það líðast. Einnig er vísað til svars við spurningu 18 í fyrri hluta spurningalistans.

16. Telur fyrirtækið ástæðu til að skipta markaðnum landfræðilega? Ef svo er, með hvaða hætti færi þá best á því að mati fyrirtækisins? Rökstyðjið.

Vísað er til svars við spurningu 19 í fyrri hluta spurningalistans.

17. Óskað er upplýsinga um heildartekjur af stofnlínuhluta leigulína árin 2020, 2021, 2022 og 2023 miðað við landið allt, sundurliðað eftir innri tekjum og ytri tekjum (bæði stofngjöld og mánaðargjöld) og eftir tæknilausnum. Innri tekjur geta verið sala til farsímadreifikerfis fyrirtækisins ef um slíkt er að ræða, vegna bitastraumsaðgangs í aðgangsneti og sala til IP nets fyrirtækisins. Í kjölfarið kemur til greina að óska eftir slíkum upplýsingum niður á landfræðilegar einingar, t.d. einstakar leiðir og/eða tiltekin afmörkuð landfræðileg svæði. Að mati FST henta sveitafélagamörk vart fyrir slíka hugsanlega landfræðilega aðgreiningu á viðkomandi markaði, þar sem algengt er að stofnsambönd fari um fleiri en eitt sveitarfélög eða jafnvel mörg og byrjar samband þá í einu sveitarfélagi og endar í öðru.

Sjá talnaefni í XLS-fylgiskjali [...]. [...] Fyrirtækið rekur ekki farsímaþjónustu.

18. Vill fyrirtækið koma einhverju á framfæri varðandi mögulegar breytingar á markaðsgerðinni og samkeppnisstöðunni á viðkomandi markaði eftir að Ljósleiðarinn fékk afnot af tveimur þráðum á NATO strengnum og keypti stofnnet og önnur fjarskiptanet Sýnar?

Nei.

19. Annað sem fyrirtækið vill koma á framfæri?

[...]

3. Spurningar er varða báða markaðina

1. Hvar telur fyrirtækið að mörkin milli markaða 4 og 14 liggi almennt séð hvað varðar netuppbyggingu og tengipunkta?

Skiptingin er/ætti að vera í meginatriðum (4) aðgangsneti og (14) stofnneti þó með undantekningum ef um endapunkt er að ræða sbr. ákv. PFS nr. 5/2020 Þjónusta á markaði 4 ætti ekki að vera skilgreind sem slík ef fleiri en einn hnútpunktur þjónustuveitanda aðskilur endapunkta.

Er fyrirtækið sammála þeirri niðurstöðu um mörk milli markaðanna sem fram kemur í ákvörðun PFS nr. 5/2020? Rökstutt álit óskast.

Já. Vísað er til rökstuðnings PFS.

2. Telur fyrirtækið að tengingar sem tengja farsímasenda við næstu símsstöð/hnútpunkt tilheyri markaði 4, markaði 14, þeim báðum eftir atvikum, eða öðrum markaði? Rökstutt álit óskast.
Báðum eftir atvikum. Þar ræður vegalengd frá PoP mestu. Eftir >10 km loftlínulengd eða tengingin fer um fleiri en einn hnútpunkt er líklegt að tenging sé á markaði 14. Þó vegur á móti að farsímasendar í slíkri fjarlægð eru líklegast í dreifbýli þar sem mjög fáir notendur eru og því erfitt að láta aukinn kostnað sem skilgreining undir markaði 14 fylgir réttlæta staðsetningu sendis. Þannig gæti sú skilgreining leitt til verra þjónustustigs og að innviðir að sendastað sem þó væru fyrir hendi séu ekki notaðir vegna rekstrarkostnaðar. Kannski væri réttast að horfa til að ef hægt er að samnýta flutningsleið fyrir fleiri en einn sendi/notanda, tilheyri leiðin markaði 14. [...]
3. Eru sambönd sem Farice nýtir innanlands frá afhendingarstöðum/skiptistöðum félagsins (POP), þ.m.t. í gagnaverum, að lendingarstöðum sæstengja til útlandatenginga hluti af markaði 4, markaði 14 eða utan þessara markaða sem hluti af útlandasamböndum og þá jafnvel sérstakur markaður? Rökstyðjið.
[...] en vísast að öðru leyti til svars við spurningu 15.